



HAFNARFJÖRÐUR

FJÁRHAGSÁÆTLUN

2014-2017

GREINARGERÐ

KRAFTUR OG UPPBYGGING



Bæjarstjórn Hafnarfjarðar

10. desember 2013

Síðari umræða

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Forsendur áætlunar 2014-2017	4
Skipting skatttekna:	5
2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki	7
2.1 A og B hluti	7
2.2 A hluti	8
2.3 Aðalsjóður	8
2.4 Félagsþjónusta	10
2.5 Heilbrigðismál	10
2.6 Fræðslu- og uppeldismál	11
2.7 Menningarmál	13
2.8 Æskulýðs- og íþróttamál	14
2.9 Brunamál og almannavarnir	14
2.10 Hreinlætismál	15
2.11 Skipulags- og byggingarmál	15
2.12 Umferðar- og samgöngumál	16
2.13 Umhverfismál	16
2.14 Atvinnu- og ferðamál	16
2.15 Sameiginlegur kostnaður	17
2.16 Eignasjóður	18
2.17 GN eignir	18
2.18 Vatnsveita	19
2.19 Fráveita	19
2.20 Húsnæðisskrifstofa	20
2.21 Hafnarfjarðarhöfn	20

Inngangur

Meirihluti Vinstri grænna og Samfylkingarinnar leggur hér fram fjárhagsáætlun 2014 – 2017 til síðari umræðu í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Áætlunin er í tveimur hlutum. Annars vegar er greinargerð og hins vegar tölulegur hluti sem inniheldur upplýsingar vegna samantekinna A og B hluta sveitarsjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða sveitarfélagsins. Þessar upplýsingar eru jafnframt birtar á heimasíðu bæjarins www.hafnarfjordur.is

Greinargerðinni er ætlað að veita upplýsingar um helstu forsendur í áætluninni. Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi reynist á milli texta í greinargerð og tölulega hlutanum.

Áætlunin er unnin í samræmi við fjármálareglur og fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga sem settar eru á grundvelli sveitarstjórnarlaga. Fjármálastjóri bæjarins hefur leitt vinnu við fjárhagsáætlun auk sviðsstjóra, rekstrarstjóra og annars starfsfólks bæjarins. Fjármálateymi bæjarins hefur jafnframt verið helsti vettvangur fjárhagslegra samhæfingar á milli sviða. Starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar og fulltrúum í nefndum og ráðum þakka ég fyrir alla þá vinnu sem lögð hefur verið í áætlunina.

Grunntónninn í þessari áætlun er kraftur og uppbygging á sviði upplýsinga- og tæknimála, viðhaldi mannvirkja, framkvæmda í gatnagerð, fjölgun kennslustunda og þjónustu.

Ekki hefur verið gengið frá fjárlögum ríkisins en undirbúningur er hafinn að breytingum á lögum nr. 4/1995 um tekjustofn sveitarfélaga, viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu á þjónustu við fatlað fólk. Af þeim sökum hækkar útsvar úr 14,48% í 14,52% vegna aukinna framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 0,04%. Þessi hækkun fer beint til Jöfnunarsjóðsins og skilar sér því ekki sem tekjur til sveitarfélagsins.

Mikil vinna hefur verið lögð í leiðréttingu á skráningu húsnæðis sem gerir það að verkum að mögulegt er að skila þeim árangri til eigenda íbúðarhúsnæðis í formi lækkunar skatta. Álagningarhlutfall fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði lækkar því úr 0,30% í 0,28% eða um 6,7%. Þar með hefur álagningarhlutfall fasteignaskatts lækkað um 12,5% á tveimur árum.

Þann 6. desember 2013 voru bæjarbúar 27.324 en gert er ráð fyrir 1% fjölgun íbúa í Hafnarfirði á árinu 2014.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun 2014 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 613 millj.kr. og rekstrarniðurstaða A hluta 266 millj.kr. Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 48,4 milljarðar kr. í árslok 2014 og skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,8 milljarðar kr. og eigið fé um 7,6 milljarðar kr.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1,7 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 2,5 milljarðar kr. sem er rúmlega 14% af heildartekjum.
- Á árinu 2014 er ráðgert að greiða niður lán og skuldbindingar að fjárhæð 1,9 milljarð kr.
- Álagningarhlutfall fasteignaskatts íbúðarhúsnæðis lækkar.
- Engin hækkun er á gjaldskráum tengdum fræðslu- og fjölskylduþjónustu. Með því vill Hafnarfjarðarbær leggja sitt að mörkum til að draga úr verðbólgu og auka kaupmátt.
- Frá og með 1. janúar ná systkinaafslættir frá dagforeldri til frístundaheimilis.

Í áætlanagerðinni í ár var tekin ákvörðun um að stíga fyrstu skrefin í átt að kynjaðri áætlanagerð. Hvert svið hefur valið að lágmarki eitt tilraunaverkefni þar sem aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar er beitt.

Stjórnun Hafnarfjarðarbæjar á þessu kjörtímabili hefur einkennst af stefnufestu, íbúalýðræði, bættu aðgengi að gögnum, valdeflingu íbúa og aðhaldi í rekstri sem skilar fjárhagsáætlun með bættri afkomu, aukinni niðurgreiðslu skulda og lægri álögum á íbúa.

Hafnarfirði, 10. desember 2013

Guðrún Ág. Guðmundsdóttir

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Bæjarstjóri

1. Forsendur áætlunar 2014-2017

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2014 - 2017 er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem fjármögnuð er með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Skatttekjur skiptast í útsvar, fasteignaskatt og lóðarleigu.

Útsvar

Útsvarhlutfall á árinu 2014 verður væntanlega 14,52% og hækkar þá um 0,04% en sú hækkun fer til Jöfnunarsjóðsins vegna málefna fatlaðra. Áætlað er að brúttó útsvarstekjur nemi um 12,4 milljörðum kr. en af þeirri fjárhæð munu 1,5 milljarðar kr. ganga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eða um 1,86% þannig að nettó útsvarstekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar um 11 milljarðar kr.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2013 en jafnframt er tekið tillit til almennra forsendna á vinnumarkaði og fjölgun íbúa. Á grundvelli þessara gagna og upplýsinga frá fjármálaráðuneytinu um breytingu á útsvarsstofni er gert ráð fyrir 7% hækkun frá áætluðum útsvarstekjum fyrir árið 2013.

Framlög úr Jöfnunarsjóði

Hafnarfjarðarbær fær framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna grunnskóla, tónlistarkennslu, nýbúafræðslu og þjónustu við fatlað fólk. Fjárhæðir framlaganna eru í samræmi við birtar áætlanir Jöfnunarsjóðs.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda á árinu 2014 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2013 en bæði endurmat ársins og matsbreytingar leiða til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar breytist á milli ára samanber eftirfarandi töflu. Að meðaltali var endurmatshækkun í Hafnarfirði um 4% á milli ára.


Fasteignamat	Fasteignamat 2014	Fasteignamat 2013	%	Fasteignamat 2012
Íbúðareignir	282.215.845	273.050.138	103,4%	240.808.150
Atvinnueignir	77.050.417	72.265.875	106,6%	67.837.467
Stofnanir og samkomustaðir	20.593.481	20.087.575	102,5%	18.367.032
Samtals gjöld	379.859.743	365.403.588	104,0%	327.012.649

Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði lækkar úr 0,30% í 0,28% eða um 6,7%. Sorphirðugjald hækkar úr 24.158 kr. í 25.800 kr. til að standa undir kostnaði við sorphirðu og -eyðingu.

Breytingin á álagningarhlutföllum er þessi:

	Álagning 2014	Álagning 2013
Fasteignaskattur íbúðarhúsnæði	0,28%	0,30%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæði	1,65%	1,65%
Lóðarleiga íbúðarhúsnæði	0,40%	0,40%
Lóðarleiga atvinnuhúsnæði	1,30%	1,30%
Holræsagjald	0,195%	0,195%
Vatnsgjald	0,105%	0,105%

Skipting skatttekna:



Aðrar tekjur

Að frátöldu sorphirðugjaldi er ekki gert ráð fyrir breytingum á gjaldskrárni við framlagningu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 en þær verða endurskoðaðar með hliðsjón af niðurstöðu komandi kjarasamninga.

Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður er áætlaður út frá núverandi stöðugildum og starfsmönnum og tekur mið af gildandi kjarasamningum en margir samningar eru nú þegar lausir og aðrir losna í byrjun árs 2015. Tekið er tillit til breytinga í starfsmannahaldi sem tengjast fjölda nemanda í leik- og grunnskólum og áætlaður launakostnaður vegna veikindaforfalla er aukinn.

Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Launaáætlun var unnin af stjórnendum bæjarins í nýju launaáætlunarkerfi H3 í samvinnu við fjármálaskrifstofu og launadeild. Lögð verður áhersla á virkt eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði, veikindum og fjölda stöðugilda en með réttum verkfærum verður sú vinna markvissari.

Breyting á lífeyrisskuldbindingum er áætluð um 413 millj.kr. á árinu 2014. Á árinu 2012 samþykkti Bæjarstjórn Hafnarfjarðar að samtímagreiða inn á lífeyrisskuldbindinguna og á árinu 2014 er gert ráð fyrir að sú greiðsla nemi um 218 millj.kr. Ábyrgð á lífeyrisskuldbindingum fyrrum starfsmanna BYR sparisjóðs að fjárhæð 1,6 milljarða kr. var tekin inn með fyrirvara í reikninga bæjarins vegna ársins 2012. Bæjarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 29. ágúst sl. að ábyrgð bæjarins á greiðslu lífeyris taki ekki til sjóðsfélaga sem verið hafa starfsmenn Sparisjóðs Hafnarfjarðar með vísan til ákvörðunar bæjarstjórnar þann 20. febrúar 1973 þegar innganga starfsmanna Sparisjóðs Hafnarfjarðar var heimiluð í Eftirlaunarsjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Annar kostnaður

Almennur rekstrarkostnaður hækkar lítillega í öllum málaflokkum og stofnunum bæjarins í takt við verðlagsbreytingar. Hafnarfjarðarbær hefur náð góðum árangri í rekstri en áfram verður gætt hagræðis í rekstri s.s. með útboðum og sameiginlegum innkaupum. Verðlagsbundnir samningar, svo sem leigusamningar og þjónustusamningar, hafa verið uppreiknaðir miðað við verðlagsforsendur. Fjárframlög til viðhalds fasteigna, götumannvirkja, tækja og áhalda hafa verið stóraukin.

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur eru áætlaðar í samræmi við rauntölur ársins 2013 og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð miðað við verðbólguforsendur áætlunar sem er 3,6% innan ársins. Lánasafnið er vaxtareiknað miðað við vaxtakjör lánasamninga. Eins og undanfarin ár er ekki gert ráð fyrir gengismun í áætluninni.

Fyrirvarar og óvissuþættir

- Fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og Strætó bs. eru með fyrirvara vegna óvissu varðandi fjárlög, samninga við ríkisvaldið og gjaldskrár.
- Við yfirtöku á málefnum fatlaðs fólks greiðir Hafnarfjarðarbær leigu af sex eignum til Brynju hússjóðs og er sú leiga áætluð í rekstri ársins. Hafnarfjarðarbær er ekki aðili að núgildandi leigusamningum og þar af leiðandi eru þeir ekki færðir sem hluti af skuldbindingum sveitarfélagsins.
- Aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar um höfuðstólslækkun húsnæðislána getur haft umtalsverð áhrif á rekstur bæjarins. Annars vegar mun heimildin að nota séreignarlífeyrissparnað til greiðslu húsnæðislána eða í sparnað vegna íbúðarkaupa hafa það í för með sér að fleiri munu væntanlega nýta sér séreignarsparnað sem gæti aukið launakostnað fyrir sveitarfélagið um allt að 57 millj. kr. á ársgrundvelli. Hins vegar munu útsvarstekjur lækka þar sem úttekt á séreignarsparnaði verður skattfrjáls og ef tekið er mið af 70 milljarða kr. úttekt á fjögurra ára tímabili þá nemur tekjutap sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs um 10 milljarða kr. og tekjutap Hafnarfjarðarbæjar um 700 millj. kr.

Þriggja ára áætlun 2015– 2017

Þriggja ára áætlun sveitarfélagsins tekur mið af verðlagsbreytingum í samræmi við þjóðhagsspá. Útsvarstekjur ráðast af fjölda starfandi íbúa, launaþróun, atvinnuþátttöku og atvinnustigi en hér er gert ráð fyrir hækkun tekna um 4% á ári. Áætlaðar tekjur vegna fasteignaskatta og lóðarleigu hækka um 2,5% á ári vegna verð- og magnbreytinga. Fjármagnsliðir og afborganir lána eru áætluð í samræmi við lánasamninga en á árinu 2015 er gert ráð fyrir lánþöku til að endurfjármagna erlenda lánið.

2. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki

2.1 A og B hluti

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2014 um 18,1 milljarðar kr. og rekstrargjöld tæpir 16 milljarðar kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 2,2 milljarðar kr. en fjármagnsliðir eru áætlaðir 1,6 milljarður kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2014 verður jákvæð um 613 millj.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 48 milljarðar kr. í árslok 2014. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 40,8 milljarðar kr. og eigið fé 7,6 milljarðar kr.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2014 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 2,4 milljarðar kr. sem er um 14% af heildartekjum.

A og B hluti	Fjárhæðir í m.kr.			
	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2011
Rekstrarreikningur				
Tekjur	18.173	17.351	16.871	15.612
Gjöld	(15.965)	(15.260)	(14.186)	(13.839)
Fjármagnsliðir	(1.595)	(1.818)	(3.055)	(2.789)
Óvenjulegir liðir			(1.587)	
Rekstrarniðurstaða	613	272	(2.798)	(1.016)
Efnahagsreikningur				
Eignir	48.436	45.466	48.204	46.985
Eigið fé	7.598	6.732	6.368	7.964
Skuldir	40.838	39.120	41.836	39.021
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.458	2.113	2.018	1.895

2.2 A hluti

Í áætlun 2014 er gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans sé jákvæð fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 1,4 milljarð kr.

Áætlaðar rekstrartekjur A hluta eru tæpir 17 milljarðar kr. og rekstrargjöld rúmlega 15 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 1,1 milljarður kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2014 eru áætlaðar um 37,8 milljarðar kr., skuldir 33,8 milljarðar kr. og eigið fé um 4 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 1,6 milljarðar kr. eða tæplega 10% af heildartekjum.

A hluti	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2011
Rekstrarreikningur				
Tekjur	16.594	15.817	15.322	14.350
Gjöld	(15.208)	(14.525)	(14.184)	(13.140)
Fjármagnsliðir	(1.120)	(1.245)	(2.282)	(2.033)
Óvenjulegir liðir			(1.587)	
Rekstrarniðurstaða	266	45	(2.731)	(824)
Efnahagsreikningur				
Eignir	37.857	35.291	37.479	36.013
Eigið fé	4.078	3.496	3.523	5.051
Skuldir	33.779	31.795	33.956	30.962
Sjóðstreymi				
Veltufé frá rekstri	1.657	1.434	1.379	1.342


2.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 355 millj.kr.

Aðalsjóður	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012	Ársreikningur 2011	Fjárhæðir í m.kr.
Rekstrarreikningur					
Tekjur	17.581	16.485	15.942	14.350	
Gjöld:	(17.294)	(16.366)	(15.787)	(14.460)	
Fjármagnsliðir	68	68	79	705	
Rekstrarniðurstaða	355	187	234	(824)	

Meginbreytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára.

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs	Áætlun 2014	Hlutfall af skatttekjum	Áætlun 2013	Mismunur	Fjárhæðir í m.kr Ársreikningur 2012
Skatttekjur	15.271		14.373	898	13676
Félagsþjónusta	(2.385)	15,62%	(2.284)	(101)	(2.195)
Heilbrigðismál	(64)	0,42%	(64)	0	(64)
Fræðslu og uppeldismál	(8.340)	54,61%	(7.905)	(435)	(7.412)
Menningarmál	(342)	2,24%	(313)	(29)	(315)
Æskulýðs- og íþróttamál	(1.435)	9,40%	(1.470)	35	(1.433)
Sameiginlegur kostnaður	(1.145)	7,50%	(1.037)	(108)	(1.308)
Umferðar- og samgöngumál	(790)	5,17%	(746)	(44)	(442)
Brunamál og almannavarnir	(162)	1,06%	(162)	0	(154)
Hreinlætismál	(60)	0,39%	(22)	(38)	(19)
Skipulags og byggingarmál	(109)	0,71%	(92)	(17)	(93)
Umhverfismál	(116)	0,76%	(78)	(38)	(45)
Atvinnumál	(49)	0,32%	(73)	24	(52)



2.4 Félagsþjónusta

Fjárheimildir málaflokksins hækka um 4,5% á milli ára eða um 101 millj. kr. Stafar sú hækkun af almennum verðlagshækkunum vegna fjárhagsaðstoðar, húsaleigubóta og þjónustu vegna fatlaðs fólks.

Um áramót verða breytingar á reglum sveitarfélagsins um sérstakar húsaleigubætur til samræmis við það sem algengast er hjá öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar fela það í sér að sett verða skilyrði um búsetu í sveitarfélaginu að lágmarki í eitt ár.

Áfram er áhersla lögð á vinnumarkaðsaðgerðir til að draga úr þörf á fjárhagsaðstoð.

Tilraunaverkefni fjölskylduþjónustunnar í kynjaðari áætlanagerð er greining á framfærslu- og skólastyrkjum og húsaleigubótum.

Félagsþjónusta	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	430	320	333
Samtals tekjur	430	320	333
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	1.169	1.064	1.070
Annar rekstrarkostnaður	1.647	1.539	1.459
Samtals gjöld	2.816	2.603	2.529
Rekstrarniðurstaða	(2.385)	(2.283)	(2.196)

Félagsþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Sameiginlegir liðir	13,1	15	12,8	14
Þjónusta við börn og unglinga	8,6	9	9,5	10
Þjónusta við aldraða	30,33	37	29,43	53
Þjónusta við fatlað fólk	105,27	159	105,75	162

2.5 Heilbrigðismál

Fjárheimild er óbreytt á milli ára.

Heilbrigðismál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	64	64	64
Samtals gjöld			
Rekstrarniðurstaða	(64)	(64)	(64)

2.6 Fræðslu- og uppeldismál

Fjárheimild fræðsluþjónustu hækkar um 439 millj.kr. á milli ára eða um 5,56 %. Þar vegur þyngst hækkun launakostnaðar um 295 millj.kr.

Á árinu verður farið í áttak í tæknivæðingu leik- og grunnskóla. Með þessu er aukin notkun upplýsingatækni í kennlu gerð möguleg og er það stefna fræðsluyfirvalda að hafnfirskir leik- og grunnskólar verði í fremstu röð hvað það varðar innan þriggja ára. Gert er ráð fyrir 80 milljónum króna til þróunar og nýsköpunar á árinu og 6 millj. kr. er varið til aukins stuðnings við nýbúa.

Kennslustundum við grunnskóla er fjölgað á næsta skólaári til að mæta kröfum nýrrar aðalnámskrár og auknum fjölda bekkjardeilda.

Gert er ráð fyrir óbreyttum fjölda leikskólabarna og að sumarlokun verði stytta í 4 vikur. Þá er aukinni þörf á sérkennslu mætt.

Tilraunaverkefni fræðsluþjónustunnar í kynjaðari áætlanagerð er greining á sérkennslu og sérúrræðum innan leik- og grunnskóla.

Fræðsluþjónusta	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	895	847	928
Samtals tekjur	895	847	928
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	5.499	5.208	4.908
Annar rekstrarkostnaður	3.737	3.544	3.432
Samtals gjöld	9.236	8.752	8.340
Rekstrarniðurstaða	(8.340)	(7.904)	(7.412)

Leikskólar	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi nemenda 2014	Fjöldi dvalarstunda 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
111-Álfaberg	27,35	29	94	785	26,23	28
112-Norðurberg	31,44	33	111	925	31,08	35
113-Arnarberg	27,40	29	92	768	24,06	27
114-Brekkuhvammur	24,49	28	93	747	25,64	30
115-Víðivellir	49,72	54	152	1.230	48,47	53
116-Hvammur*	31,84	34	123	1.013	31,65	37
118-Hlíðarberg	26,62	33	108	883	26,62	33
119-Vesturkot	24,86	26	85	702	23,08	27
121-Hlíðarendi	27,37	29	106	865	26,7	30
122-Hörðuvellir	21,24	26	86	700	21,19	24
123-Álfasteinn	24,78	26	84	672	22,89	24
124-Tjarnarás	26,10	31	92	748	23,16	28
125-Stekkjarsás	48,99	53	182	1.495	45,22	47
126-Hraunvallaskóli	39,36	41	154	1.241	43,51	44

Grunnskólar	Fjöldi kennslustunda 2014	Fjöldi stg. annarra starfsm 2014.	Fjöldi nemenda 2014	Fjöldi kennslustunda 2013	Fjöldi stg. annarra starfsm. 2013
Lækjarskóli	1.540	5,2	448	1.364	4,85
Öldutúnsskóli	1.194	6,0	518	1.179	6,13
Víðistaðaskóli og Engidalur	1.396	8,5	662	1.406	7,47
Setbergsskóli	941	4,8	388	891	5,05
Áslandsskóli	1.146	6,1	544	1.099	5,97
Hvaleyrarskóli	992	5,2	428	949	5,2
Hraunvallaskóli	1.661	7,9	768	1.511	7,05
Barnaskóli Hjallastefnunar			92		

Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Skólaskrifstofa	7,85	8	7,85	8
Sérfræðiþjónusta	13,3	14	14,2	16
Menntasetrið	3,27	4	3,27	4
Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl)	29,44	49	29,44	49
Lúðrasveit Víðistaðaskóla		3		3

2.7 Menningarmál

Fjárframlög til menningarmála eru 342 millj.kr. og hækka um 30 millj.kr. á milli ára. Lagt er kapp á að skapa hvetjandi umhverfi þar sem bæjarbúar fái notið lista, menningar og fróðleiks.

Gert er ráð fyrir að tekin verði upp viðurkenning til bjarlistamanns. Áhersla er á að vinna eins og áður með ferðapjónustunni að kynningu á því sem bærinn hefur upp á að bjóða og að sameiginlegri markaðssetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Tilraunaverkefni Bókasafns Hafnarfjarðar í kynjaðari áætlanagerð er greining á notkun á þjónustu safnsins.

Menningarmál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	22	21	27
Samtals tekjur	22	21	27
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	153	141	137
Annar rekstrarkostnaður	211	194	205
Samtals gjöld	364	335	342
Rekstrarniðurstaða	(342)	(315)	(315)

Menningarmál	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Skrifstofa menningar- og ferðamála	1,0	1	1,0	1
Bókasafn	14,0	23	14,0	23
Byggðasafn	4,45	7	4,45	7
Skrifstofa Hafnarborgar	4,3	6	4,3	6

2.8 Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárheimildir til æskulýðs- og íþróttamála hækka á milli ára um 44 millj. kr. Framlög vegna afreks- og ferðastyrkja eru aukin. Einnig er aukning vegna samningsbundins framlags Hafnarfjarðarbæjar og Alcan um íþróttastyrki fyrir 16 ára og yngri hjá aðildarfélögum innan Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Styrkir til íþróttafélaga hækka í takt við verðlag.

Æskulýðs og íþróttamál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	608	586	597
Samtals tekjur	608	586	597
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	691	671	675
Annar rekstrarkostnaður	1.352	1.297	1.354
Samtals gjöld	2.040	1.968	2.029
Rekstrarniðurstaða	(1.435)	(1.382)	(1.433)

Æskulýðs- og íþróttamál	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Skrifstofa æskulýðsmála	4,0	4	4,0	4
Skrifstofa íþróttafulltrúa	1,8	2	1,8	2
Húsið	9,9	13	6,0	9
Félagsmiðstöðvar og frístundaheimili	55,8	130	55,3	114
Íþróttahús	8,2	9	8,2	9
Sundlaugar	37,9	49	37,9	49
	117,6	207	113,2	187

2.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. og Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.

Brunamál og almannavarnir	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	0	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	190	162	154
Samtals gjöld	190	162	154
Rekstrarniðurstaða	(190)	(162)	(154)

2.10 Hreinlætismál

Framlög til hreinlætismála eru vegna heilbrigðiseftirlits og sorps.

Hreinlætismál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	266	245	203
Samtals tekjur	266	245	203
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	277	268	222
Samtals gjöld	277	268	222
Rekstrarniðurstaða	(12)	(23)	(19)

2.11 Skipulags- og byggingarmál

Framlag til skipulags- og byggingarmála hækkar um 17 millj.kr. á milli ára vegna aukinna umsvifa í byggingariðnaði.

Tilraunaverkefni skipulags- og byggingarmál í kynjaðari áætlanagerð er greining á notendum stíga, stétta og hjólastíga ásamt því að skoða aðkeypta sérfræðipjónustu.

Skipulags- og byggingarmál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	31	34	85
Samtals tekjur	31	34	85
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	102	89	87
Annar rekstrarkostnaður	38	37	91
Samtals gjöld	256	126	178
Rekstrarniðurstaða	(109)	(92)	(93)

Skipulags- og byggingarmál	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014	Stöðugildi 2013	Starfsmenn 2013
Skrifstofa skipulags- og byggingarmála	11	11	10,9	11

2.12 Umferðar- og samgöngumál

Framlag til umferðar- og samgöngumála hækkar um 44 millj.kr. vegna aukins fjármagns til viðhalds gatnamannvirkja.

Umferðar- og samgöngumál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur	7	0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	790	746	443
Samtals gjöld	790	746	443
Rekstrarniðurstaða	(790)	(746)	(443)

2.13 Umhverfismál

Framlag til umhverfismála hækkar um 35 millj. kr. Umhverfisvöktun verður aukin. Farið verður í viðhaldsverkefni víðsvegar um bæinn auk þess sem ruslatunnum og bekkjum verður fjölgað á opnum svæðum.

Umhverfismál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	0	0	0
Samtals tekjur		0	0
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	
Annar rekstrarkostnaður	116	78	45
Samtals gjöld	116	78	45
Rekstrarniðurstaða	(116)	(78)	(45)

2.14 Atvinnu- og ferðamál

Fjárframlag til atvinnumála lækkar um 24 millj. kr. á árinu 2014.

Atvinnumál	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	4	4	26
Samtals tekjur	4	4	26
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	41	43	64
Annar rekstrarkostnaður	13	34	14
Samtals gjöld	54	77	78
Rekstrarniðurstaða	(49)	(73)	(52)

2.15 Sameiginlegur kostnaður

Fjárheimild stjórnssýslu vegna sameiginlegs kostnaðar er áætluð 1.1 milljarð kr. á árinu 2014 og hækkar um 123 millj.kr. á milli ára. Gert er ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding hækki um 53 millj.kr. Kostnaður vegna sveitarstjórnarkosninga er áætlaður 15 millj.kr

Tilraunaverkefni stjórnssýslunnar í kynjaðari áætlanagerð er greining á tækjabúnaði og notkun hjá starfsfólki sveitarfélagsins.

Stjórnssýsla	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	53	63	76
Samtals tekjur	53	63	76
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	358	322	341
Lífeyrisskuldbinding	403	350	685
Annar rekstrarkostnaður	437	428	358
Samtals gjöld	1.384	1.100	1.384
Rekstrarniðurstaða	(1.145)	(1.038)	(1.308)

Stjórnssýsla	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Bæjarskrifstofa	25,4	27	26,1	27
Tölvudeild	5,0	5	5,0	5
Þjónustuver	4,4	5	4,4	5

2.16 Eignasjóður

Fjárheimild eignarsjóðs lækkar á árinu 2014 vegna lægri fjármagnskostnaðar.

Áfram er lögð áhersla á viðhald gatna, regnvatnssvelgi á Völlumum, viðhald og gerð nýrra hraðahindranna, hreinsun og málun undirgagna og viðhald stíga.

Tilraunaverkefni umhverfis og framkvæmda í kynjaðari áætlanagerð er greining á notkun á stígum, stéttum og hjólastígum ásamt því að skoða aðkeypta sérfræðiþjónustu.

Eignasjóður	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	2.788	2.727	2.430
Samtals tekjur	2.788	2.727	2.430
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	320	304	296
Annar rekstrarkostnaður	1.088	1.040	816
Afskriftir	575	568	576
Fjármagnsliðir	883	996	2656
Samtals gjöld	2.866	2.907	4.344
Rekstrarniðurstaða	(77)	(180)	(1.914)

Eignarsjóður	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmanna 2013
Framkvæmdamál	17,5	18	17,5	18
Þjónustumiðstöð	16	16	16	16

2.17 GN eignir

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri GN eigna.

GN eignir	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	375	372	316
Samtals tekjur	375	372	316
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	44	40	37
Afskriftir	38	38	38
Fjármagnsliðir	305	317	342
Samtals gjöld	387	395	417
Rekstrarniðurstaða	(12)	(23)	(100)

2.18 Vatnsveita

Fjárframlög til viðhalds á dreifikerfi og endurnýjun á eldri lögnum hækka um 14 millj.kr.

Vatnsveita	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	386	384	382
Samtals tekjur	386	384	382
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	41	38	41
Annar rekstrarkostnaður	103	87	76
Afskriftir	48	48	48
Fjármagnsliðir	69	57	79
Samtals gjöld	261	230	244
Rekstrarniðurstaða	126	154	138

Vatnsveita	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014	Stöðugildi 2103	Starfsmenn 2013
Vatnsveita	4	4	4	4

2.19 Fráveita

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri.

Fráveita	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	701	662	571
Samtals tekjur	701	662	571
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	33	31	28
Annar rekstrarkostnaður	135	135	116
Afskriftir	93	94	94
Fjármagnsliðir	234	319	424
Samtals gjöld	495	579	662
Rekstrarniðurstaða	(206)	(84)	(91)

Fráveita	Stöðugildi 2014	Starfsmenn 2014	Stöðugildi 2013	Starfsmenn 2013
Fráveita	4	4	4	4

2.20 Húsnæðisskrifstofa

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri.

Húsnæðisskrifstofa	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	277	255	275
Samtals tekjur	277	255	275
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	0	0	0
Annar rekstrarkostnaður	127	123	157
Afskriftir	43	43	43
Fjármagnsliðir	142	159	164
Samtals gjöld	312	325	364
Rekstrarniðurstaða	(35)	(70)	(88)

2.21 Hafnarfjarðarhöfn

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstri og undanfarin ár. Samningaviðræður við Alcan um nýjan samning um hafnargjöld í Straumsvíkurhöfn standa yfir.

Hafnarfjarðarhöfn	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Ársreikningur 2012
Tekjur:			
Þjónustugjöld	404	377	397
Samtals tekjur	404	377	397
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld	144	125	131
Lífeyrisskuldbinding	10	13	16
Annar rekstrarkostnaður	110	88	107
Afskriftir	60	60	63
Fjármagnsliðir	30	39	106
Samtals gjöld	354	325	423
Rekstrarniðurstaða	50	52	(26)

Hafnarfjarðarhöfn	Fjöldi stöðugilda 2014	Fjöldi starfsmanna 2014	Fjöldi stöðugilda 2013	Fjöldi starfsmann 2013
	13	13	13	13